

Fundargerð 23. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 27. janúar 2016, kl. 12:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Róbert Ragnarsson, Berglind Kristinsdóttir, Gísli Heiðarsson, Johan D Jónsson, Laufey Kristjánsdóttir, Guðjón Þ. Kristjánsson, Sverrir Guðmundsson og Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri).

1. Deiliskipulög fyrir Brimketil og Reykjanesvita og nágrenni

Deiliskipulag fyrir Reykjanesvita og nágrenni hefur verið sent Skipulagsstofnun til staðfestingar. Deiliskipulag fyrir Brimketil bíður staðfestingar bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar. Samþykkt að auglýsa eftir áhugasömum aðilum til að hefja uppbyggingu þjónustumiðstöðvar á Reykjanesi. Horft verði sérstaklega til hve mikil jákvæð áhrif ætla má að tillagan hafi fyrir umhverfi, náttúru og mannlíf á svæðinu. Auk þess sem litið verður til fjárhagslegs og faglegs styrks til þess að ljúka uppbyggingu svæðisins.

2. Umsókn um lóð fyrir þjónustubyggingu við Reykjanesvita

Rúnar M. Sigurvinsson f.h. óstofnaðs félags sækir um lóð fyrir þjónustubyggingu við Reykjanesvita með tilvísun í deiliskipulag sem bíður staðfestingar Skipulagsstofnunar. Samkvæmt skipulaginu er heimilt að reisa á lóðinni allt að 400 m² byggingu. Erindinu hafnað þar sem auglýsa á eftir áhugasömum aðilum til uppbyggingar á svæðinu. Félagið er hvatt til að sækja um.

3. Aðild Ferðamálasamtaka Reykjanes að Reykjanes Geopark

Framhald umræðna frá síðasta fundi. Formaður sagði frá viðræðum við formann stjórnar Ferðamálasamtaka Reykjanes. Fulltrúi Reykjanesbæjar leggur til að Ferðamálasamtökum Reykjanes verði gefnir tveir mánuðir til að koma með tillögu að lausn á málinu. Samþykkt samhljóða.

4. Wapp og gönguleiðakort

Verkefnastjóri sagði frá því að gönguappið Wapp er komið út og aðgengilegt í App Store and Google Play. Gönguleiðakort er í vinnslu og kemur út í vor.

5. Vetrarfundur Reykjanes Geopark og Markaðsstofu Reykjanes

Verkefnastjóri kynnti drög að dagskrá Vetrarfundar Reykjanes Geopark og Markaðsstofu Reykjanes sem fyrirhugaður er 2. mars nk.

6. Sjálfvirk gjaldtaka á ferðamannastöðum

Framhald umræðna frá síðasta fundi. Samþykkt að fela verkefnastjóra að afla frekari upplýsinga.

7. Innkaupakort fyrir verkefnastjóra

Verkefnastjóri óskar eftir heimild fyrir innkaupakorti. Samþykkt samhljóða.

8. Styrkur til námsefnisgerðar

Reykjanes Geopark fékk úthlutað 1.000.000 kr. úr Sóknaráætlun Suðurnesja til þróunar námsefnis um Reykjaneskagann. Námsefnið skal taka mið af námskrá grunn- og framhaldsskóla auk verkefnaheftis.

9. Önnur mál

Þar sem um hádegisfund var að ræða var boðið uppá samlokur úr Grindavík. Fundarstjóra barst eftirfrandi vísa:

1. mál - Matarmál

Að fá hér kjúkling bæði og kál

kann að meta sérhver sál.

Ekkert við ræðum,

sitjum og snæðum.

Því þetta er hið besta mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:20.

Fundargerð ritaði: ESJ